

Nr. 44/1897:

Rjettvísing  
 gegn  
 Jóni Ögmundssyni

## D ó m u r :

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu 13. nóv. f. á. var hinn ákærði, Jón Ögmundsson frá Pjetursey í Vestur-Skaptafellssýslu, dæmdur fyrir stórþjófnað og óheimila brúkun á hesti í 8 ára typtunarhúsvinnu samkvæmt 234. gr. 2. lið og 238. grein alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. við 63. gr. sömu laga, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum og varðhaldi hans löglega leiðandi kostnað; en dómi þessum er eptir ósk hins dómfellda skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða og öðrum upplýstum atvikum sannað, að hann hefur gjört sig sekan í þjófnaði á hrossum á þann hátt, er nú skal greina. Ákærði, sem var vinnumaður í Pjetursey í Mýrdal síðastliðið vor, fjekk leyfi húsbónda síns til að fara norður í Miðfjörð; þóttist hann eiga þar nokkur hross hjá bróður sínum, er þar væri, og þurfa að sækja þau, og sýndi hann þessari sögusögn sinni til stuðnings 2 brjef frá þessum bróður sínum, dags. 20. nóv. 1896 og 25. apríl f. á., sem hann hafði sjálfur búið til undir nafni bróður síns, sem í brjefunum hvatti hann til að koma norður og sækja hestana. Þegar leyfið var fengið, fór ákærði, um miðjan junímánuð síðastl., frá Pjetursey austur að Vík í Mýrdal og þaðan með gufuskipi til Stokkseyrar. Þar fór hann af skipinu og hjelt fótgangandi upp Flóann

og bar hnakk sinn og beizli. Þegar hann kom upp að Laugardælum, sá hann mörg hross sunnan við veginn og tók þar þá fola 5 vetra, steingráan, sem Jóhann bóndi Guðmundsson í Laugardælum átti, lagði á hann hnakk sinn og reið honum suður á leið, yfir Ölfusárbú, en við Kögunarhól sá hann ferðamannatjald norðan undir hólnum og hesta nokkra fyrir sunnan hann, og tók hann þar brúnan hest, hrafnsvartan, um 6 vetra gamlan, og hafði með sjer. Þetta var um kvöldið 19. júní. Hjelt ákærði nú raleiðis með báða hestana suður þjóðvegin allt suður undir Árbæ í Mosfellsveit, en þar beygði hann af veginum norður Mosfellssveit, og var ferðinni heitið upp á Akranes, þar sem hann hugsaði sjer að selja hestana, er hann hafði stolið. Um dagmál daginn eptir (20. júní) áði ákærði hjá Esjubergi á Kjalarnesi og svaf þar úti nokkra tíma, og hjelt síðan áfram út Kjalarnes, inn fyrir Hvalfjörð og sem leið liggur út á Skipaskaga, án þess að koma nokkursstaðar við eða tala við nokkurn mann á leiðinni, og kom hann á Skagann um hádegi 21. júní. Nefndi ákærði sig þar Sigurð Sigurðsson frá Eyjólfsstöðum í Vatnsdal og seldi þar báða hestana, gráa hestinn Thor Jensen kaupmanni fyrir 55 kr., er kaupmaður borgaði honum í peningum, og Runólfi Þorsteini Jónssyni bónda á Grund brúna hestinn fyrir 70 kr., 20 kr. í peningum og 50 kr. í innskript hjá Thor Jensen. Tók hann út á innskriptina vatnskápu, yfirfrakka o. fl., og keypti fyrir peningana kvennsöðul, höfudleður o. fl., og lagði síðan á stað með plögg sin upp á mýrar fyr-

ir ofan bæinn, en þar sagði hann mönnum, að hann hefði skilið eptir hest sinn, er hann ætlaði að riða norður. Þá er ákærði hafði gengið nokkra stund, tók hann gráan hest, er fyrir honum varð á mýrunum, reid honum nokkurn spöl, tók síðan annan hest jarpskjóttan, gamlan, og hjelt síðan með báða hestana sömu leið aptur, sem hann hafði komið. Hugsaði hann sjer þá þegar að halda gráa hestinum og hafa heim með sjer, en jarpskjóttan hestinum ætlaði hann að sleppa aptur, undir eins og hann næði í annan betri hest. Hjá Saurbæ á Kjalarnesi fór hann um miðnætti næsta dag, og tók hann þar þá úr högunum jarpan hest, en slepti skjóttan hestinum. Þegar hann var kominn að Árbæ, fór hann Mosfellsheidarvegin að Þingvöllum, síðan Lyngdalsheiði að Laugarvatni og þar náttaði hann sig og nefndi enn Sigurð Sigurðsson, en sagðist vera úr Landeyjunum. Hafði hann hvergi komið við á leiðinni þangað til. Frá Laugarvatni hjelt hann síðan fram Biskupstungur, niður Flóa að Stokkseyri og þaðan austur Landeyjar og heim. Eigendur hinna stolnu hesta hafa fengið þá aptur, nema Jóhann bóndi Guðmundsson í Laugardælum, og hefur hann krafizt endurgjalds fyrir gráa hestinn, er ákærði stal frá honum, og virt hann á 70 kr. og hefur ákærði eigi haft á móti þeirri virðingu.

Ákærði, sem er fæddur 23. nóv. 1868, hefur optsinnis áður sætt refsingu fyrir þjófnað og skjalfals. Hann var 1, með aukarjettardómi Húnavatnssýslu 9. okt. 1888 dæmdur í 9 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir stórþjófnað og einfaldan þjófnað.

að, og með landsyfirrettardómi 9. sept. 1889 fyrir skjalafals í 8 mánaða betrunarhúsvinnu sem hegningarauka samkvæmt 65. gr. hegningarlagna; 2) með aukarjettardómi Arnessýslu 13. jan. 1891 var hann dæmdur í 18 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir skjalafals og þjófnað á hrossi og með aukarjettardómi Reykjavíkur 8. júní 1892 í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð sem hegningarauka, fyrir stjórbjófnað og skjalafals; 3) var hann með landsyfirrettardómi 15. maí 1893 dæmdur í 4 ára betrunarhúsvinnu fyrir stjórbjófnað og einfaldan þjófnað og óheimila brúkun á hrossi.

Fyrir brúkun á jarpskjótta hestinum, sem ákærði tók á Akranesi og slepti aptur hjá Saurbæ á Kjalarnesi, verður hann eigi dæmdur í þessu máli, með því að málssóknar hefur eigi verið krafizt af eiganda hestsins, en taka ákærða á hinum 4 hestunum, sem hann stal, er af undirdómaranum rjettilega heimfærð undir síðari lið 234. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. 63. gr. sömu laga, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 6 ára typtunarhúsvinna. Ákærða ber að greiða í iðgjöld til Jóhanns bónda Guðmundssonar í Laugardælum 70 kr. Svo ber honum og að greiða allan af málinu gegn honum og varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið víta-  
laus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Jón Ögmundsson sæti 6 ára typt-unarhúsvinnu. Í iðgjöld greiði hann Jóhanni bónda Guðmundssyni í Laugardælum 70 krónur. Svo greiði hann og allan af málinu gegn honum, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, og af varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 21. marz mánaðar.

Nr. 35/1897:

Jón prestur Guðmundsson

gegn

Sigurði Eiríkssyni.

D ó m u r :

Með brjefi, dags. 8. febr. 1897, krafðist presturinn í Skorrastadar prestakalli, síra Jón Guðmundsson á Nesi í Norðfirði, þess, að sýslumadurinn í Suður-Múlasýslu tæki eða ljeti taka lögtaki hjá hinum stefnda Sigurði Eiríkssyni, sem búíð hafði á Björushúsum í Norðfirði, dagsverk, að upphæð 3 kr. 4 a., sem fjell í gjalddaga á túnaslætti sumarið 1896, og jarðartiund, sem fjell í gjalddaga vorið 1896, að upphæð 1 kr. 65 a. Með úrskurði fógetarjettar Sudurmúlasýslu, uppkvednum 25.